

7. gr.

Ef skip er selt úr landi falla niður allar styrkgreiðslur er skipið átti rétt á samkvæmt reglum þessum. Innstæða á reikningi þess skal þá færð á geymslu-reikning Fiskveiðasjóðs, sbr. 3. gr.

8. gr.

Ef skip ferst eða er dæmt ónýtt, skal þegar tekjufæra reikning þess fyrir öllum þeim styrk, er skipið á rétt á og nota fjárhæðina til uppgreiðslu hinna erlendu lána, ellegar greiða skipeiganda fjárhæðina.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 106/1974 til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. október 1975.

Matthías Bjarnason.

Gylfi Þórðarson.

14. október 1975.

Nr. 455.

REGLUGERÐ

um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

Upphafsaákvæði.

1. gr.

Eftirlit með framkvæmd laga um eiturefni og hættuleg efni annast eftirtaldir aðilar:

- a) Lyfjaeftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 70/1971, um breyting á lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963, sbr. einnig ákvæði reglugerðar um lyfjaeftirlit ríkisins nr. 412/1973.
- b) Heilbrigðiseftirlit ríkisins, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969, sbr. einnig heilbrigðisreglugerð frá 8. febrúar 1972.
- c) Öryggiseftirlit ríkisins, sbr. lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952.
- d) Eiturefnanefnd, svo sem kveðið er á í lögum um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum settum samkvæmt ákvæðum laga þessara.
- e) Lögreglustjórar og embættislæknar, hver á sínum stað.
- f) Samstarfsnefnd lyfjaeftirlits ríkisins, Heilbrigðiseftirlits ríkisins, eiturefnanefndar og Öryggiseftirlits ríkisins um verkaskiptingu í takmarkatilfellum og til samræmingar aðgerða. Ráðuneytið skipar fimmta mann slíkrar samstarfsnefndar og er hann jafnframt formaður hennar.
- g) Aðrir, er tilnefndir kunna að verða, sbr. 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

Lyfjaeftirlit ríkisins.

2. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins annast eftirlit með verslunum, sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/

1968, sbr. einnig ákvæði 4. og 5. málsg. 5. gr. reglugerðar um eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971. Skal lyfjaeftirlitið skoða sölubúðir leyfishafa a. m. k. einu sinni á ári og oftari, ef þörf gerist. Skal lyfjaeftirlitið senda eiturefnanefnd afrit af eftirlitsgerð hverju sinni.

Lyfjaeftirlitið skal einnig annast skoðun á húsnæði umsækjenda um slík leyfi og meta, hvort umsækjandi stenst þau skilyrði er greinir í 3. málsg. 5. gr. reglugerðar nr. 132/1971. Skal lyfjaeftirlitið senda eiturefnanefnd afrit af eftirlitsgerð.

Embættislæknar á hverjum stað skulu gera lyfjaeftirlitinu viðstöðulaust viðvart, ef þeir telja, að úrskæðis gangi um rekstur sölubúða í viðkomandi umdæmi eða leyfishafi hafi brotið svo af sér, að til greina komi að svipta hann söluleyfi.

3. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins skal árlega fylgjast með færslum í eiturbækur lyfjabúða, sbr. 10. tölu. a-stafliðs og i-staflið 15. greinar reglugerðar um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 151/1968 og senda eiturefnanefnd afrit af færslum í eiturbækur.

Í eiturbækur lyfjabúða skal færa alla sölu á eiturefnum, er greinir á listum I og II, sbr. 1. gr. reglugerðar um flokkun eiturefna og hættulegra efna nr. 93/1974 sbr. reglugerð nr. 6/1975 og heimilt er að láta úti gegn eiturbeiðnum eða öðrum tilsvarendi leyfum, sbr. ákvæði reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna nr. 131/1971.

4. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða sterk eiturefni, sbr. lista I, 1. gr. reglugerðar nr. 93/1974, nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu vörureikning, sem lyfjaeftirlitið hefur samþykkt til innflutnings. Sömu ákvæði gilda um eiturefni og hættuleg efni, til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. ákvæði 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 132/1971.

Lyfjaeftirlitið skal í lok hvers árs tilkynna eiturefnanefnd um innflutning þeirra efna, er greinir í 1. málsg. að framan.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal annast eftirlit með ákvæðum reglugerða, sem settar eru samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. laga um eiturefni nr. 85/1968, varðandi gerð íláta, umbúðir, sölu, varnaðarorð eða varnaðarmerki og varðveislu hættulegra efna, sem eru á boðstólum í verslunum. Heilbrigðiseftirlitið skal sömuleiðis annast eftirlit með eiturefnum, sem heimilt er að selja í verslunum samkvæmt sérstökum ákvæðum, sbr. ákvæði reglugerðar um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna nr. 129/1971.

Heilbrigðiseftirlitið skal þannig hafa eftirlit með sölu á ediksýru, terpentínu, bleikivatni, natríumhýdroxíði og kalíumhýdroxíði, sbr. ákvæði reglugerðar um gerð íláta undir hættuleg efni og merkingu þeirra nr. 91/1974, svo og eftirlit með sölu á sýrum og ýmsum öðrum hættulegum efnum, sem eru á boðstólum í verslunum.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal, að höfðu samráði við eiturefnanefnd, hafa eftirlit með framkvæmd reglugerða, sem settar eru samkvæmt heimild í 15. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

Heilbrigðiseftirlitið skal þannig fylgjast með notkun nítíta og nítрата í kjötvörum og aðrar sláturafurðir, sbr. ákvæði reglugerðar um íblöndun nítíta og nítрата í kjöt, kjötvöru og aðrar sláturafurðir nr. 243/1974.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal að höfðu samráði við eiturefnanevnd fylgjast með því, að tiltekin eiturefni eða hættuleg efni komi ekki fyrir í nauðsynjavörum eða magn þessara efna fari yfir leyfilegt hámark. Ef ekki gerist annars þörf, skal styðjast við yfirlýsingar framleiðenda eða innflytjenda samkvæmt bestu vitund um innihald eiturefna eða hættulegra efna í tilgreindum varningi, svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fóðurvöru, sbr. ákvæði 6. málsg. 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

Eiturefnanevnd lætur fara fram efnagreiningu á fegrunar- og snyrtivörum og öðrum varningi í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, ef sérstök ástæða er til þess að ætla, að almenningi geti stafað hætta af vegna innihalds eiturefna eða hættulegra efna. Eiturefnanevnd tilkynnir þá Heilbrigðiseftirliti ríkisins um niðurstöður slíkra rannsókna.

Heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með innihaldi blýs og kadmíums í matarilátum, sbr. ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun matvæla af völdum blýs og kadmíums í matarilátum, nr. 242/1974.

8. gr.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur eftirlit með notkun eiturefna og hættulegra efna í iðnaði að svo miklu leyti, sem slíkt eftirlit fellur ekki undir Öryggiseftirlit ríkisins.

Heilbrigðiseftirlitið hefur þannig yfirumsjón með framkvæmd ákvæða reglugerðar um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna nr. 164/1972.

9. gr.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins annast eftirlit með notkun sótthreinsunarefna, sem teljast hættuleg efni við framleiðslu matvæla, á vinnustöðum og í sundlaugum. Getur Heilbrigðiseftirlitið að höfðu samráði við eiturefnanevnd krafist þess að menn, er með slík efni fara, hafi áður sótt námskeið til þess að öðlast sérþekkingu í meðferð efnanna.

10. gr.

Heilbrigðiseftirlitið skýtur málum til umsagnar Öryggiseftirlits ríkisins eða eiturefnanevndar, ef tilefni er til.

Öryggiseftirlit ríkisins.**11. gr.**

Öryggiseftirlit ríkisins annast eftirlit með notkun eiturefna og hættulegra efna í iðnaði og á vinnustöðum að svo miklu leyti, sem slíkt eftirlit fellur ekki undir Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

Öryggiseftirlitið skal þannig hafa eftirlit með öllum þeim vinnustöðum, þar sem notuð eru lífræn leysiefni, blý eða aðrir þungir málmar eða hættulegar lofttegundir, er ekki hafa lækningagildi. Skal Öryggiseftirlitið tryggja að loftræsting, vinnuástaða og hreinlæti á vinnustöðum, þar sem þessi efni eru notuð, sé þannig, að sem minnst hættu stafi af efnunum.

12. gr.

Öryggiseftirlit ríkisins hefur eftirlit með förgun eiturefna og hættulegra efna í iðnaði og á vinnustöðum að svo miklu leyti sem unnt er, en hlutaðeigandi embættislæknar að öðrum kosti, sbr. 19. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, sbr. einnig 11. gr. að framan.

13. gr.

Öryggiseftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með því, að forstöðumenn efnagerða, efnaverksmiðja eða annarra fyrirtækja greini frá því, hvorra eiturefna kunni að vera þörf við rekstur fyrirtækjanna, sbr. ákvæði 2. töluliðs 1. málsg. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, sbr. einnig 3. og 11. gr. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952 sbr. 1. gr. laga nr. 52/1955. Skal Öryggiseftirlitið halda skrá yfir notkun eiturefna í fyrirtækjum samkvæmt framanskráðu.

14. gr.

Öryggiseftirlit ríkisins hefur eftirlit með framleiðslu eiturefna, sbr. 4. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

15. gr.

Öryggiseftirlitið skýtur málum til umsagnar Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða eiturefnaneftirlits, ef tilefni er til.

Lögreglustjórar og embættislæknar.**16. gr.**

Lögreglustjórar hver á sínum stað annast útgáfu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa, sbr. 6. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, sbr. einnig ákvæði reglugerðar nr. 131/1971, og hafa eftirlit með, svo sem unnt er, að slík leyfi séu ekki misnotuð, sbr. ákvæði 6. málsg. 4. gr. reglugerðar nr. 132/1971.

17. gr.

Embættislæknar hafa hver á sínum stað eftirlit með sölubúðum þeim, er leyfi hafa til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til að nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 3. málsg. 2. gr. að framan.

18. gr.

Embættislæknar hafa hver á sínum stað umsjá með útrýmingarefnum, sem ætluð eru til nota í þágu almennings, sbr. ákvæði 2. málsg. 5. gr. reglugerðar nr. 132/1971.

Ef varsla og umsjá útrýmingarefna, sbr. 1. málsg. að framan, er öðrum falin en embættislæknum, skal það tilkynnt eiturefnaneftirlit og leitað samþykkis nefndarinnar í hverju einstöku tilviki.

19. gr.

Embættislæknar hafa hver á sínum stað eftirlit með förgun eiturefna og hættulegra efna, sbr. ákvæði 19. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, að svo miklu leyti, sem það fellur ekki undir Öryggiseftirlit ríkisins, sbr. einnig ákvæði 12. gr. hér að framan.

20. gr.

Lögreglustjórar og embættislæknar skjóta málum til umsagnar eiturefnaneftirlits eða annarra, er annast eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum, ef tilefni er til.

Eiturefnaneftirlit.**21. gr.**

Eiturefnaneftirlit hefur eftirlit með sölu eiturefna og hættulegra efna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. ákvæði 1. málsg. 6. gr. reglugerðar nr. 132/1971. Nefndin hefur eftirlit með sölu eiturefna í lyfjabúðum, sbr. 3. málsg. 5. gr. reglugerðar nr. 131/1971, sbr. einnig 3. gr. að framan.

Eiturfanefnd skal árlega gefa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skýrslu um sölu þeirra efna, er greinir í 1. málsg. r.

22. gr.

Eiturfanefnd mælir með útgáfu leyfisskírteina handa iðnaðarmönnum eða öðrum til þess að mega nota eiturfni við störf sín, sbr. ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 131/1971. Nefndin mælir með útgáfu leyfisskírteina handa garðyrkjumönnum eða öðrum, sbr. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 131/1971 og 4. gr. reglugerðar nr. 132/1971, til þess að mega nota eiturfni í X og A hættuflokkum við störf sín. Leyfisskírteini þessi gilda í 1—3 ár í senn.

Nefndin skal halda skrá yfir alla einstaklinga, er sótt hafa um leyfi þau, er greinir í 1. málsg. r., og tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra, þegar 1, 2 eða 3 ár, eins og við á, eru liðin frá því, að meðmæli voru veitt.

Nefndin skal tilkynna öryggismálastjóra jafnóðum og hún sendir hlutaðeigandi lögreglustjóra meðmæli með leyfisveitingum samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 131/1971 („rauð leyfisskírteini“).

23. gr.

Eiturfanefnd hefur eftirlit með því, að eiturfni og hættuleg efni valdi ekki tjóni á mönnum, dýrum eða plöntum, m. a. vegna mengunar, svo sem við verður komið og svo fremi, að eftirlitið sé ekki falið framangreindum aðilum, sbr. 1. gr. samkvæmt ákvæðum reglugerða, er settar hafa verið með heimild í lögum um eiturfni og hættuleg efni nr. 85/1968 eða samkvæmt heimild í öðrum lögum. Skal eiturfanefnd hafa forgöngu um rannsóknir að þessu lútandi, ef þörf gerist, og gera tillögur að setningu reglugerða samkvæmt ákvæðum 13. og 15. gr. laga um eiturfni og hættuleg efni, ef tilefni er til.

Um efnagreiningu á fegrunar- og snyrtivörum og öðrum varningi ræðir í 2. málsg. r. 7. gr. að framan.

24. gr.

Eiturfanefnd er til ráðuneytis við setningu hvers konar ákvæða, er varða eftirlit með lögum um eiturfni og hættuleg efni, sbr. 20. gr. laganna, sbr. einnig 6. gr. reglugerðar um starfsvið og starfshætti eiturfanefndar nr. 273/1969.

Aðrir aðilar.

25. gr.

Ráðherra er heimilt að tilnefna aðra aðila en þá, er greinir að framan, til þess að annast eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturfni og hættuleg efni, sbr. 20. gr. laganna. Skal slíkt gert að höfðu samráði við samstarfsnefnd sbr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Niðurlagsákvæði.

26. gr.

Kostnað við eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturfni og hættuleg efni skal greiða úr ríkissjóði, sbr. 4. málsg. r. 20. gr. laganna.

27. gr.

Ráðherra getur falið fleiri aðilum en einum, sbr. 1. gr., að annast tiltekna þætti eftirlitsins.

28. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast gildi 1. janúar 1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. október 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Lög og reglugerðir, er varða framkvæmd reglugerðar þessarar.

L Ö G :

Lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

Lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952.

Lyfsöluhlög nr. 30/1963, sbr. breyting á þeim lögum nr. 70/1971.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969.

R E G L U G E R Ð I R :

Reglugerð um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar nr. 273/1969.

Reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 151/1968.

Reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna nr. 129/1971, sbr. og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 5/1973.

Reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna nr. 131/1971.

Reglugerð um eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971.

Heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

Reglugerð um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna nr. 164/1972.

Reglugerð um gerð íláta undir hættuleg efni og merkingu þeirra nr. 91/1974.

Reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna nr. 93/1974, sbr. og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 6/1975.

Reglugerð um íblöndun nítíta og nítрата í kjöt, kjötvöru og aðrar sláturafurðir nr. 243/1974.

Nr. 456.

17. október 1975.

R E G L U G E R Ð

um sérstakt línu- og netaveiðisvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá útgáfu reglugerðar þessarar til 31. desember 1975 eru allar veiðar með hotn- og flötvörpu hannaðar á svæði út af Faxaflóa sem markast af línu dreginni 20 sjómíliur réttvísandi vestur frá Garðskagavita, þaðan í norður átt í punkt 64° 20' N og 23° 36' V og þaðan í réttvísandi austur.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varðar brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember